

30.10.2021-20.03.2022

A Bra Ka Da Bra

Töfrar samtímalistar

The Magic of
Contemporary Art

Abrakadabra

T ö f r a r

Abrakadabra er dularfullt orð sem tengist töfrum. Það er mjög gamalt og uppruni þess er ókunnur. Líklega er það dregið úr hinu forna tungumáli arameísku og þýðir: „Það sem ég segi verður að veruleika.“

Orðið getur flækst um tunguna á manni. Það er gott að skipta því upp í smærri hluta:

Abra-Kadabra

A-Bra-Ka-Da-Bra

Abra-Kada-Bra

eða prófa að segja það afturábak:

Arb...

„**Abra, Abracadabra**
I wanna reach out and grab ya“
Hljómsveitin Steve Miller Band gerði lagið Abracadabra heimsfrægt árið 1982. Myndbandið er „eighties“ gullnáma.


Töfrapula

Segðu orðið Abrakadabra.

Segðu það aftur og slepptu einum bókstaf í lokin.

Endurtaktu og stytstu orðið um einn staf í einu.

Þegar þú ert komin/n að síðustu endurtekningu og segir „a“... þá gerast töfrarnir – eða svo segja fornar heimildir.



s a m t í m

Til eru fjölmörg töfraorð
og galdráþulur

Hókus pókus

Sim sala bim

Barbabrella

H a r k a p a r k a

Expelliarmus

B i b b i d í

b a b b i d í b ú

Legg ég á

og mæli um

...manstu
eftir fleirum?

Abrakadabra: Það sem ég segi verður að veruleika

Listamenn fá hugmyndir og láta
þær verða að listaverkum.
Hér á sýningunni eru töfrar
samtímalistar afhjúpaðir.

***Skoðum hvaða
hugmyndir leynast
að baki verkunum!***

Myndlist er eins og tjáning eða
tungumál. Listamenn nota listsköpun
til þess að segja okkur áhorfendum
eitthvað sem þeim liggur á hjarta.
Það liggur ekki alltaf í augum uppi og
við þurfum að stilla okkur inn á hvað
er í gangi í hverju verki.

Listaverk hefur merkingu í mörgum lögum.
Hægt er að njóta listaverka á ótal vegu. Það
þarf ekki að skilja þau til fulls og það er ekkert
eitt endanlegt svar.

Töfraorðið fyrir okkur áhorfendur er:

Forvitni

S a m h e n g i

Þegar maður skoðar myndlist er gaman að hugsa um sam-
hengi hlutanna. Eitt er að hugsa um listaverkið út af fyrir sig og
úr hvaða samhengi það sprettur. Hitt er samhengið sem verkið
er sett í núna – hvað er í kringum verkið sem hefur áhrif á það?
Sýningin, safnið, birtan, hin listaverkin ... í hvernig skapi þú ert
þegar þú skoðar sýninguna.

a l i s t a r

Orðabók

Ýmis orð og hugtök eru notuð um myndlist. Þau hjálpa til við að lýsa því hvernig listaverk verður til, hvað það er og hvernig það virkar. Hægt er að nota mörg ólík hugtök um eitt og sama listaverkið. Prófaðu að fletta í Abrakadabra-orðabókinni á vefsíðu listasafnsins.

Mátaðu þessi orð við verkin á sýningunni:

Náttúra er risastórt viðfangsefni í myndlist. Náttúra getur átt við lífríkið, dýr og plöntur, en líka umhverfi og landslag. Stundum gera listamenn myndir af náttúrunni, rannsaka náttúruna eða skoða tengsl manns og náttúru. Andstæðan við náttúru er það sem er manngert – eða er maðurinn kannski hluti af náttúrunni og öll hans verk þá líka náttúra?

Listamenn fjalla um sitt eigið **samfélag** í sínu nánasta umhverfi eða í stærra samhengi. Í verkum sínum skoða þau eithvert félagslegt viðfangsefni, varpa ljósi á ójöfnuð, samkennd og útilokun, spyrja spurninga um hefðir og venjur eða gagnrýna ríkjandi ástand. Samfélagsleg list er stundum líka kölluð pólitísk list af því að rétt eins og pólitík fjallar hún um skiptingu valds á milli einstaklinga og þjóðfélagshópa.

Listaverk sem fjallar á einhvern hátt um listheiminn er stundum kallað **list um list**. Þá er verið að fjalla um hlutverk listamannsins, eðli listaverksins, arf listasögunnar eða eitthvað annað sem tilheyrir listheiminum. **Hvenær hættir málverk að vera málverk og verður að skúlptúr?**

Skynfæri manneskjunnar eru fimm: Sjón, heyrn, snerting, bragð og lykt. Með þeim tökum við inn umhverfis-áreiti og skynjum umhverfi okkar. Myndlist fjallar oft um þetta flókna ferli: Hvernig virkar **skynjun** almennt en líka, hversu ólík getur hún verið á milli fólks?

Hugmyndir um **sjálf** og sjálfsmynd eru listamönnum hugleiknar. Þau nota listsköpun sína til að fjalla um fjölbreytileika mannlífsins, um ólíka upplifun einstaklinga og tengsl líkama og vitundar við eigið umhverfi og aðra. Listaverk getur vakið mann til umhugsunar um fordóma gagnvart öðrum, um staðalímyndir og lýst persónulegri reynslu sem veitir manni nýja sýn.

...hvaða önnur orð finnst þér eiga við verkin á sýningunni?

Hvers konar verk
eru á sýningunni?

Málverk

S k ú l p t ú r

Innsetning

M y n d b a n d s v e r k

Hljóðverk

T e i k n i n g

Ljósmynd

L á g m y n d

Þáttökuverk

... sérðu fleiri miðla?

Samtímalist

Samtímalist er búin til í dag af lifandi listamönnum. Öll listaverk voru einhvern tímann samtímalist. Svo líður tíminn og þau verða hluti af sögunni. Þegar talað er um samtímalist er oftast átt við listsköpun síðustu 50 ára. Á sýningunni Abrakadabra eru samtímalistaverk frá síðustu 20 árum.

Listaverkin á sýningunni eru öll í safneign Listasafns Reykjavíkur. Safnið er í eigu Reykvíkinga þannig að borgarþáttfarar eiga verkin saman. Safnið varðveitir mörg þúsund listaverk frá ýmsum tímum og árlega bætast ný við í safneignina.

Án titils

Listamenn geta bætt við listaverkið sitt með því að gefa því nafn. Stundum hjálpar það manni við að skilja samhengi eða tengingu sem er annars ekki augljós. Svo eru aðrir listamenn sem vilja að listaverkið standi nafnlaust svo að titillinn sé ekki að trufla. Þá er verkið bara sagt vera „án titils“. Kannski dettur þér í hug einhver góður titill?

Listamaður - Listaverk - Áhorfandi

Myndlist byggist á samspieli þriggja þátta: Listamaður, listaverk og áhorfandi. Ef maður sleppir einu er varla hægt að tala um myndlist. **Eða hvað finnst þér?**

Abrakadabra

T h e M a g i c

Abrakadabra is a mysterious word, linked to magic. It is very old and its origin is unknown. It probably comes from the ancient language Aramaic and means: "I will create as I speak".

The word can be a real tongue-twister. It is helpful to divide it up:

Abra-Kadabra

A-Bra-Ka-Da-Bra

Abra-Kada-Bra

or try to say it backwards:

Arb...

**"Abra, Abracadabra
I wanna reach out and grab ya"**

In 1982, Steve Miller Band released the song Abracadabra which became famous around the world. The music video is an eighties goldmine.


Magic Incantation

Say the word Abrakadabra.

Say it again and skip the final letter.

Repeat and always skip one more letter off the end.

Once you get to the last repetition and say "a" ... that's when the magic happens, according to ancient sources.



o f C o n t e m

There are numerous magic words and incantations:

H o c u s

P o c u s

Sim sala bim

A l a k a z a m

Open Sesame

Expelliarmus

... do you remember more?

AbraKadabra:

I Will Create as I Speak

Artists get ideas and turn them into art. In this exhibition, the magic of contemporary art is unveiled.

Let's examine the ideas behind the works!

Art is like an expression or language. Artists use their creation to tell the viewers things they wish to express. They are not always obvious and we need to attune ourselves to what's going on in each artwork.

Art has multi-layered meaning. You can enjoy artworks in endless ways. It is not necessary to understand them 100% and there is no definite answer.

The magic word for the viewer is:

Curiosity

C o n t e x t

When looking at art, it is interesting to wonder about the context of things. You can think about the artwork on its own and the context it comes from. Also, there is the context that the work is in now – what is around the artwork, affecting it? The exhibition, the museum, the light, other artworks ... your mood when you view the exhibition.

p o r a r y A r t

Dictionary

Various words and concepts are used when discussing art. They help describe how an artwork is created, what it is and how it works. Many different concepts can be used to describe a single artwork.

Try these words on the works in the exhibition:

Nature is an enormous subject in art. Nature can mean the biosphere, flora and fauna, but also environment and landscape. Sometimes artists create images of nature, research nature or examine the connection between man and nature. The opposite of nature is manmade – or is man maybe a part of nature and all their work therefore also a part of nature?

Artists discuss their own **society** in their microenvironment or in a bigger context. In their work, they examine a social subject, cast a light on injustice, empathy, exclusion, ask questions about traditions and habits or criticise the prevailing situation. Social art is also sometimes called political art because just like politics it revolves around the division of power between individuals and social groups.

An artwork that somehow touches on the art world is sometimes called **meta-art**. It focuses on the role of the artist, the nature of the artwork, art heritage or something else that belongs to the art world.

When does a painting stop being a painting and becomes a sculpture?

A human being has five senses: Sight, sound, touch, taste and smell. We use them to experience our environment and perceive our surroundings. Art often discusses this complicated process: How does **perception** in general work, but also, how much does it vary from one person to another?

Ideas of the **self** and identity are popular with artists. They use their creation to discuss the diversity of human life, about the different experiences of individuals and the connection between the body and the consciousness to its own environment and others. An artwork can get you thinking about prejudice towards others, about stereotypes and express a personal experience that offers a new insight.

... what other words do you think can be used to describe the works in this exhibition?

What Sort of Works Are in This Exhibition?

Painting

Sculpture

Installation

Video work

Participation work

Drawing

Audio work

Relief

Photograph

... do you
see other media?

Contemporary Art

Contemporary art is created today by living artists. All artworks used to be contemporary. With time, they become part of history. When discussing contemporary art, it most often refers to art creation of the last 50 years. In Abrakadabra, the contemporary artworks span back 20 years.

The artworks all belong to the collection of Reykjavík Art Museum. The museum is owned by the citizens of Reykjavík and they therefore own the artworks collectively. The collection has thousands of artworks and every year, more are added.

Untitled

Artists can add to their artwork's meaning by naming it. Sometimes the title helps you understand a context or connection that isn't obvious. Other artists want their works to be untitled, so the title doesn't get in the way. These works are called "Untitled". Maybe you can think of a good title?

Artist – Artwork – Viewer

Art is based on the interaction of three components: Artist, artwork and viewer. If one is left out, it can hardly be called art.

Or what do you think?

30.10.2021–20.03.2022

Abrakadabra

Töfrar samtímalistar

The Magic of Contemporary Art

Dagskrá Program

Upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði eru á heimasíðu safnsins.

Information about guidance and other events are on the museum website.

Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn.

Groups, large and small, can book special guidance.

Verið velkomin með vinnustaðinn, vinahópinn, fjölskylduna eða skólafélagana. Kennarar, komið með nemendur ykkar.

We welcome work colleagues, friend groups, families or school groups. Teachers, bring your students.

Sýningin tengist nýjum fræðsluvef á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur.

The exhibition is connected to a new information site on Reykjavík Art Museum's website.

Kíktu á Abdakadabra á netinu þar sem þú kynnist samtímalist enn betur.

Check out Abrakadabra online where you learn more about contemporary art.

Smelltu á „Spurt og svarað“ og sendu okkur spurningu, við svörum eftir bestu getu.

Click “Q&A” and send us a question, we'll do our best to answer.

Sýningarhönnun Exhibition Design
Axel Hallkell Jóhannesson

Listasafn Reykjavíkur þakkar eftirfarandi fyrir stuðning við sýninguna og vefinn

Reykjavík Art Museum would like to thank the following for their support

Barnameningarsjóður Children's Culture Fund

Myndlistarsjóður The Visual Arts Fund

Safnasjóður The Museum Fund

Þakkir Thanks

Hildigunnur Birgisdóttir

Kristinn Arnar Sigurðsson

Listamenn Artists

Alicja Kwade

Anna Júlía Friðbjörnsdóttir

Anna Hallin

Anna Línadal

Auður Lóa Guðnadóttir

Baldur Geir Bragason

Egill Sæbjörnsson

Fritz Hendrik IV

Guðný Guðmundsdóttir

Heimir Björgúlfsson

Hildigunnur Birgisdóttir

Hildur Bjarnadóttir

Hrafnhildur Arnadóttir/Shoplifter

Hreinn Friðfinnsson

Karin Sander

Katrín Elvarsdóttir

Katrín Sigurðardóttir

Kristján Steingrímur Jónsson

Leifur Ýmir Eyjólfsson

Logi Leó Gunnarsson

Magnús Helgason

Margrét H Blöndal

Matthías Rúnar Sigurðsson

Melanie Ubaldo

Ólafur Sveinn Gíslason

Ólöf Nordal

Ragnheiður Gestsdóttir

Rúrí

Steingrímur Eyfjörð

Unndór Egill Jónsson

Sýningarstjórn Curators

Teymi sérfræðinga safneignar, sýninga og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur

A team of experts in collection, exhibition and mediation at Reykjavík Art Museum



Hafnarhúsið
Tryggvagata 17



listasafnreykjavíkur.is
artmuseum.is



Barnameningarsjóður
Íslands



Myndlistarsjóður
Icelandic Visual
Arts Fund

#listasafnreykjavíkur
#reykjavikartmuseum

